

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 184/2016

2018/EES/19/21

frá 23. september 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/672 frá 29. apríl 2016 um að samþykkja peredíksýru sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2, 3, 4, 5 og 6 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/678 frá 29. apríl 2016 skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um vöru, sem er þurrkuð lofnarblóm í poka, sem sett er á markað til að verjast náttfíðrildum <sup>(2)</sup>.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 17. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/9) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „18. **32016 R 0672**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/672 frá 29. apríl 2016 um að samþykkja vetnisperoxíð sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2, 3, 4, 5 og 6 (Stjútíð. ESB L 116, 30.4.2016, bls. 3).
19. **32016 D 0678**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/678 frá 29. apríl 2016 skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um vöru, sem er þurrkuð lofnarblóm í poka, sem sett er á markað til að verjast náttfíðrildum (Stjútíð. ESB L 116, 30.4.2016, bls. 37).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/672 og framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2016/678, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 116, 30.4.2016, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 116, 30.4.2016, bls. 37.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Bergdís Ellertsdóttir***

formaður.